

Aðalfundagerð ÍPS Aðalfundur 2022



Fundur hófst kl. 19:00

Petrea Friðriksdóttir var kosin fundarstjóri og Matthías Örn kosinn fundarritari.

Matthías Örn forseti ÍPS fór yfir skýrslu stjórnar og fjallaði hún um pílusenua á landinu og þá fjölgun sem átt hefur sér stað. Hann setti einnig fram þá spurningu hvort sambandið ætti að vera að halda stór mót fyrir erlenda keppendur þegar hagnaður af þessum mótum er lítill sem enginn.

Aðalfundur samþykkti að Matthías Örn færi yfir ársreikning 2020 og 2021 þar sem gjaldkeri sambandsins, Sigurður Aðalsteinsson, var ekki á fundinum.

Viktoría spurði hvort ekki væri hægt að vera með mótstjórn sem er kosin sem sækir um styrki ofl til að fá fleiri erlenda spilara til landsins.

Vitor nefnir að stjórn ÍPS er frekar ný og aldrei hefur verið vesen að fá aðstoð sem er símtali frá eða heimsókn tengt stórum mótum.

Petrea er sammála vitor, bendir á að reyna að leita til reyndari félaga og biðlar til félagsmanna að þau séu dugleg að senda ábendingar og tillögur.

Björn segir að mótahald sé allt gert í sjálfböðavinnu.

Halli spyr hvort stjórnin hafi rætt við mótafyrirkomulag WDF móta. Ási segir að óformlega hafi verið rætt að breyta þessum mótum.

Vitor nefnir Bullseye og spyr hvort að ÍPS greiði leigu. ÍPS greiðir ekki leigu til Bullseye vegna mótahalds.

Petrea segir að Færeyjar er að halda Færeyska opna og þeir fengu fullt af hópum til að keppa sem æfingaferð fyrir landslið.

Mælt með að ÍPS búi til nefndir.

Vitor nefnir að ÍPS sé að sofna á verðinum. Það er ekki að skapa nein auka tækifæri. ÍPS er ekki að gera neitt til að fá fleiri iðkendur.

Ási segir að það hafi verið aukning í öll mót á þessu ári. Þvílík aukning í NOVIS í staðinn fyrir stigamót, 400% aukning. Krikket einmenning og tvímenning, 15-20% aukningar. ÍPS er búið að setja mót hjá sjónvarpsstöðvar, unglíngamótaröð.

Petrea spyr hvort það sé hægt að skipta stórmótum þannig að félögin taki riðla og úrslit spiluð á einum og sama staðnum.

Hallgrímur er ósáttur með að gjaldkerinn sé ekki á staðnum.

Reikningar sambandsins voru samþykktir, 3 sátu hjá.

Árgjald helst óbreytt og verður 4.000kr. Samþykkt

Matthías bauð sig fram sem forseta ÍPS og var það samþykkt.

Gylfi Gylfason (PR) bauð sig fram sem ritara. Það var samþykkt

Guðmundur Gunnarsson, (PFH) býður sig fram sem varamaður, það var samþykkt.

Kristján Sigurðsson býður sig fram sem endurskoðandi reikninga. Það var samþykkt

Vítor er ósáttur við núverandi gjaldkera sambandsins.

Pétur vill óska þess að ÍPS búi til unglingaráð sem innihéldi 3-5 einstaklinga og þetta unglingaráð sæi alveg um unglingana. Pétur vill að aðalfundurinn gefi ÍPS leyfi til að stofna unglingaráð.

Hallgrímur segir að fyrir 20 áru þá var formaðurinn þá með stefnumótunardag þar sem allir komu saman sem höfðu áhuga á íþróttinni koma sama og setja saman markmið fyrir næsta ár, þá var plan fyrir næsta ár, hvaða tekjur erum við að fá inn ofl

Matthías fór yfir tekjuáætlun sem nær fram að næsta aðalfundi.

Ási fór yfir dagatal næsta árs. Pétur vill að ÍPS stækki ekki of mikið mótahald sitt þannig að það skemmi ekki fyrir aðildarfélögunum.

Petrea sagði að einu sinni var ÍPS með dagatalið og setti sín mót inná dagatalið og lét vita hvaða helgar væru lausar.

Hallgrímur nefndi varðandi Íslandsmeistaramótið síðustu 20 ár hefur það verið fyrstu helgina í maí. Hann vill að það sé ekki að hringla með dagsetningar Íslandsmótsins þegar hún er ákveðin.

Pétur segir að við séum að ofmeta fjölda móta sem ÍPS geti haldið þannig að fólk sé ekki að velja hvaða mót það vill mæta í. Vera frekar með eftirfylgni á því góða sem við erum með.

Hallgrímur nefnir að ÍPS mætti krýna pílukastara ársins. Félögin mættu líka krýna pílukastara ársins í karla og kvennaflokki.

Matthías vill að aðildarfélögin sendi lista yfir U18 spilara.

Petrea nefnir að margir spilarar eru í mótstjórn og hvernig getum við sem félagsmenn hjálpað sambandinu.

Petrea nefnir brot á reglum varðandi kast á pílum ef önnur löppin fer fram yfir kastlín. Halli segir ÍPS að hafa samband við WDF og fá niðurstöðu hvort þetta sé leyft eða ekki.

Petrea nefnir að Stöð 2 Sport missir Heimsmeistaramótið og að það sé hægt að setja á mót þar.

Fundi slitið 20:28